



BSF3C01

Stýri- loftfjöðrun

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Ásgeir Þorsteinsson
Gyða Ólafía Friðbjarnardóttir

Netfang/netföng:

asgeir.thorsteinsson@borgo.is
gyda.fridbjarnardottir@borgo.is

Lýsing:

Farið yfir loftfjöðrunarkerfi í smáum og stórum ökutækjum: framleiðslukerfi, loftbelgi, loft- og segulloka, þungaskynjunar- og hæðastilliloka og höggdeyfa. Skoðun og skipti á loftfjöðrunarbelg. Stillingar á hæðastilliloka. Handvirk hæðastilling yfirfarin. Heildarskoðanir á undirvagni, þ.e. stýris-, fjöðrunar- og hjólabúnaði ökutækja.

Þekking, leikni, hæfni:**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekking og skilning á:

- Uppbyggingu loftfjöðrunarkerfa í ökutækjum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Prófa loftfjöðrunarkerfa og íhluti þeirra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera stillingar og viðgerðir á loftfjöðrunarkerfum

Námsmat:**Verklegt mat (30%);**

nemandinn lýsir loftfjöðrunarkerfum og nefnir íhluti, bendir á þá og lýsir gerð og virkni. Hann gerir prófanir á loftfjöðrunarkerfum.

Skriflegt mat (50%);

nemandinn leysir verkefni um fræðilega þætti áfangans

Virkni og þátttaka (20%);

nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtakssemi. Áhugasemi og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara.

Til að standast áfangann þarf nemandinn að ná að lágmarki 5 í öllum námsmátpáttum og samanlagt að lágmarki 5 í lokaeinkunn.

Nemandi þarf að klára 95% af öllum prófum og verkefnum svo að þau séu tekinn gilt til mats.

Námsgögn:

Stoðgögn kennara
Electude
Ýmsir kennsluáhlutir

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum verður skipt upp í hópa. Nemendahópum verður raðað niður á daga til að leysa verklega þátt námsins og aðrir nemendur sem ekki eru þann tíma í verklegu sitja heima og leysa bóklegu verkefni inn á Innu og í Electude. Munnlegar spurningar verða svo í enda verklegrar kennslu hvers nemanda.

Nemendur skulu mæta stundvíslega í upphaf hvers kennsludags og hverrar kennslustundar. Þeir sem eru í heimanámi skulu gera vart við sig á réttum tíma inn á námsvef lotunar á Innu, umræðuvefur.

Nemandi yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara. Nemendur ber að vera í vinnufatnaði; öryggisskór, vinnugalli eða sloppur, latex eða nitrilhanskar eru skylda og verða nemendur að útvega sér sjálfir hanska og koma með.

Kennari áskilur sér rétt til að vísa nemanda sem ekki er í tilskyldum vinnufatnaði af vinnustað.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrifa og ganga frá verkfærum á sinn stað og í lok kennslutímans þrifa nemendur og ganga frá vinnusvæði.

Nemandi sem mætir ítrekað of seint (tvo morgna eða ítrekað eftir hlé; hámark tvö skipti) í kennslustundir, verklega kennslu eða inn á Innu, verður vísað úr lotunni. Fjarvist umfram einn dag getur valdið því að nemandinn fái ekki lokið lotunni.

Dagur	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	Innlögn	
2	Verkefnavinna	
3	Verkefnavinna	
4	Verkefnavinna	
5	Verkefnavinna	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar. Nemendur þurfa einnig að vera undirbúnir fyrir fjarkennslu.